

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norduramtinu og austuramtinu um 71
sveitfesti þurfalings. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amt- 31. maí.
 maður, dags. 7. febr. þ. á. og þar með fylgjandi prófsútskript og önnur skjöl
 og skilríki viðvíkjandi sveitfestismáli Stefáns heitins Árnasonar frá Kverkár-
 tungu, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar
 og frekari birtingar, að með því að jeg verð að vera yður samdóma um, að
 styrkur sá, sem Stefáni Árnasyni var veittur í Skeggjastaðahreppi vorið 1883,
 geti, af ástæðum þeim, sem fram eru teknar í úrskurði yðar 15. jan. 1887, ekki
 talizt löglega veittur sveitarstyrkur, og með því að ekki hefur getað sannazt,
 að styrkveitingar honum til handa frá Loðmundarfjarðarhreppi hafi að neinu
 leyti verið greiddar úr hreppssjóði eða af sveitarútsvörum hreppsþúa, þá hlýt-
 ur tjeður úrskurður yðar, er ákveður, að Stefán ásamt hyski sínu skuli eiga
 sveit í Skeggjastaðahreppi, í öllum greinum óraskaður að standa.¹

1) Úrskurður amtmannsins er svo hljóðandi:

Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 1. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent
 hingað erindi nokkurt frá hreppsnefndinni í Loðmundarfjarðarhreppi, þar sem hún
 áfrýjar til amtsins úrskurði yðar, 5. nóvember f. á., er ákveður, að Stefán nokkur
 Árnason í Kverkártungu í Skeggjastaðahreppi sje sveitlægur í Loðmundarfjarðarhreppi,
 og að þessum hreppi beri að endurgjalda Skeggjastaðahreppi styrk þann, sem Stefáni
 hafi verið veittur frá því hann varð hjálparþurfi vorið 1883, að undanteknum skulda-
 kröfum þeirra Árna bónda Þorkelssonar á Þorvaldsstöðum og Stefáns hreppstjóra
 Pjeturssonar í Saurbæ, sem verði að álitast sem lán einstakra manna.

Þegar Stefán þessi Árnason flutti sig vorið 1874 að Kverkártungu í Skeggja-
 staðahreppi, átti hann sveit í fæðingarhreppi sínum, Loðmundarfjarðarhreppi, og lafði
 hann við búskap í Kverkártungu af litlum efnum og mest fyrir gjafir hreppsmanna
 og utanhreppsmanna, sjer í lagi sveitunga sinna gömlu í Loðmundarfirði, þangað til
 hann flosnaði upp vorið 1885. Á þessum tíma þrengdi sjer í lagi að honum vorið
 1883, og fann þá hreppsnefndaroddivitinn í Skeggjastaðahreppi sjer skylt, að rann-
 saka heimilisástæður hans, sem oddvitenum þóttu svo iskyggilegar, að hann bauð
 honum hjálp af fátækrafje, auk þess, sem tveimur börnum hans var komið burt um
 tíma, öðru til Árna Þorkelssonar á Þorvaldsstöðum. Stefán Árnason hafnaði samt
 boði oddvitans, og vildi fyrst leita fyrir sjer hjá sveitungum sínum í Loðmundarfirði,
 en þegar hann kom þaðan, leitaði hann hins framboðna styrks, sem hann eptir beiðni
 sinni fjekk útborgaðan með 30 kr. í peningum og notaði til að kaupa 2 ær, en end-
 urborgaði svo hreppnum styrkinn vorið 1884. Hjer um bil samstundis og hann með-
 tók þennan styrk af fátækra sjóði Skeggjastaðahrepps eða nokkru síðar, veitti hrepps-
 nefndarmaður Stefán hreppstjóri Pjetursson í Saurbæ Stefáni Árnasyni lítið eitt af
 kornmat og skóleður, alls fyrir 6 kr. 55 a., og útvegaði honum lán hjá verzlunar-
 stjóranum á Raufarhöfn, að upphæð 22 kr. 27 a.

Úrslit þessa máls eru þannig undir því komin, hvort sá styrkur, sem Stefán
 Árnason samkvæmt framangreindu hefur þegið vorið 1883, er rjettilega veittur sveit-
 arstyrkur, en sje hann það ekki, getur hann ekki verið því til fyrirstöðu, að Stefán
 hafi áunnið sjer framfærslurjett í Skeggjastaðahreppi með samfleyttri 10 ára dvöl sinni
 þar. Það er þá fyrst auðsætt, að sú hjálp, sem Stefán hreppstjóri Pjetursson veitti

1. dag októbermán. 1894.

72 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um
 23. júní. upptöku þarfalings og fátækraflutning, svo og skilyrði fyrir sölu á kyrsettum fjármunum hans. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 17. f. m. viðvikjandi erindi hreppsnefndarinnar í Kjósarhreppi um upptöku og fátækraflutning á Gesti bónda Pjeturssyni á Súlunesi svo og um sölu á kyrsettum fjármunum hans, en erindi þetta sendi jeg yður með brjefi, dags. 25. október 1892 til þess að fá umsögn sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og sjálfs yðar um málefnið, sbr. einnig brjef mín 25. maí og 23. okt. 1893, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni, sem hefði átt að snúa málaleitun sinni til yðar, að jeg er yð-

honum í kornmat og skóledri, alls eigi verður skoðuð sem fátækrastyrkur, þar sem hreppstjórinn, þótt hann væri hreppsnefndarmaður, hafði enga heimild til að veita slíka hjálp úr hreppssjóði upp á sitt eindæmi, enda bera skjöl málsins með sjer, að hann hafi lánað Stefáni Árnasyni þetta með því skilyrði, að það skyldi skrifast í hreppsreikning, ef það eigi væri borgað sjer fyrir árslok, og hið sama er að segja um lán það, sem hreppstjórinn útvegaði hjá verzlunarstjóranum á Raufarhöfn, að það eigi verður skoðað sem styrkur af hreppsfje. Öðruvísi verður heldur eigi litið á upphæð þá, sem Árni bóndi Þorkelsson síðar meir heimtaði fyrir undirhald á því barni Stefáns, sem hann hafði hjá sjer í 4 vikur vorið 1883, þar sem Árni virðist í upphafi hafa ætlað að gefa Stefáni barnfóstrið, og hafði boðið honum að taka af honum barnið, en sá sig svo um hönd síðar og fjekk borgun fyrir undirhald á barninu úr sveitar-sjóðnum. Þá er eptir að ihuga 30 kr. styrk þann, sem Stefáni var veittur af sveitarsjóði Skeggjastadahrepps, þegar hann kom aptur úr ferð sinni til Loðmundarfjarðar vorið 1883. Þess ber þá að gæta, að þessi styrkur var í upphafi boðinn honum og að hann hafnaði honum fyrst um sinn, sem sýnir, að bráðnauðsynin á að veita styrkinn hafi eigi verið fyrir hendi, enda segist hann hafa þá haft eitthvað af kornmat, og keypti hann tvær ær fyrir þessa peninga, til þess að hafa mjólkina úr þeim sjer og sínum til viðurværis; þá kom Stefán og með peninga úr Loðmundarfirði vorið 1883, og keypti fyrir 2 eða 3 ær, svo hann, eptir eigin sögn, hafði 18 ær í kvíum sumarið 1883, auk þess sem hann segist hafa átt 2 hesta og keypti 1 kú á sama ári. Þótt eflaust hafi verið þröngt í búi hjá Stefáni vorið 1883, sjer í lagi að því leyti, sem hann vantaði mjólk handa börnum sínum, þá fær amtið, samkvæmt því, sem tekið er fram, samt eigi betur sjeð en að hinn umræddi styrkur sje ólöglega veittur og gagnstætt grundvallarreglunni í 9. gr. fátækraflugljörðarinnar, en eptir því sem fram er komið í málinu, hafa gjafir þær, sem Stefáni hlotnuðust frá Loðmundarfjarðarhreppi, sjer í lagi sumarið 1883, eigi komið úr hreppssjóði þar, heldur fengizt með samskotum einstakra manna.

Með því nú Stefán Árnason hefur dvalið 10 ár samfleytt í Skeggjastadahreppi frá því á vorinu 1874 til vorsins 1884, án þess að hafa fengið nokkurn lögglega veittan sveitarstyrk á þessu tímabili, sem gæti slitið sveitfestisdvöl hans þar, úrskurðast hjer með, að hann ásamt hyski sínu eigi sveit í Skeggjastadahreppi, og er úrskurður yðar 5. nóv. f. á. hjer með úr gildi felldur.

Þetta gefst yður hjer með þjónustusamlega til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þjer birtið það hreppsnefndunum í Skeggjastada- og Loðmundarfjarðarhreppum.